

6.tbl.

8. febr. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



STARF

## Ert þú rétta vélatýpan?

Í grænu hagkerfi er lykilatriði að fara vel með þær auðlindir og eignir sem við þösum fyrir komandi kynslóðir. Auk þess að vinna rafmagn úr endurnýjanlegum auðlindum leggjum við hjá Landsvirkjun áherslu á að viðhalda mannvirkjum okkar sem best, til að lengja líftíma þeirra og fá sem mest út úr þeim.

Við óskum eftir að ráða tvo einstaklinga í öflugt teymi rekstrar og viðhalds á Mývatnssvæðinu, en þar rekum við Gufustöðina í Bjarnarflagi, Kröflustöð og Þeistareykjastöð. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja og er það mjög fjölbreytt og krefjandi.

### Hæfni og reynsla:

- Menntun á sviði vélfræði eða rafvirkjunar
- Þekking á viðhaldi búnaðar: loft-, véla-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Þekking í teikningalestri, ástandsmælingum og stjórnkerfum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lípurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Góð tölvukunnátta

### Úmsóknarfrestur er til og með 19. febrúar

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[landsvirkjun.is/storf](https://landsvirkjun.is/storf)



## Gauragangur á Breiðumýri

Leikdeild Umf. Eflingar frumsýnir nú um helgina leikritið um Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson í félagsheimilinu Breiðumýri föstudaginn 10. febrúar kl. 20:30.

Leikstjóri er Jenný Lára Arnórsdóttir og tónlistarstjóri er Pétur Ingólfsson.

Verkið fjallar um unglinginn Orm Óðinsson sem er náttúrulega bæði snillingur og töffari þó svo að e.t.v. sé ekki allt undir fullkominni stjórn í lífi hans.

### Sýningar:

- Föstudagur 10. febrúar - Frumsýning kl. 20:30 - Nokkur sæti laus
- Laugardagur 11. febrúar - 2. sýning kl. 16:00
- Þriðjudagur 14. febrúar - 3. sýning kl. 20:30 - nokkur sæti laus
- Fimmtudagur 16. febrúar - 4. sýning kl. 20:30
- Sunnudagur 19. febrúar - 5. sýning kl. 20:30

### Miðaverð:

1. Fullorðnir kr. 3500.-
2. 16 ára og yngri kr. 2300.-
3. Eldriborgarar og öryrkjar kr. 3100.-

Miðapantanir og nánari upplýsingar í síma **618-0847**,  
[umfefling@gmail.com](mailto:umfefling@gmail.com) eða í gegnum fésbókina [www.facebook.com/leikdeild.eflingar](http://www.facebook.com/leikdeild.eflingar)

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum stéttarfélögum áður en þeir koma á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn býður upp á leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 5 manns), pantanir í s. 464-3344.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum, húsið opnar 30 mín fyrir sýningar.

VELKOMIN Í LEIKHÚS Á BREIÐUMÝRI



# Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2023

verður haldinn í  
Gamla Barnaskólanum í Skógum  
**mánudagskvöldið 20. mars kl. 20:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf og að sjálfstöðu veitingar  
að hætti stjórnar.

Allir velkomnir!

Stjórnin, Birna, Sigga og Jón





## **Opið hús hjá HSR**

Laugardaginn 11. febrúar ætlar Hjálparsveit skáta Reykjadal að hafa opið hús fyrir íbúa Þingeyjarsveitar. Tílefnið er flutningur sveitarinnar í nýtt húsnæði við Kvíhólsmýri á Laugum ásamt því að dagurinn 11. febrúar ár hvert er 112-dagurinn sem haldinn er til að minna á neyðarnúmerið okkar.

Húsnæði HSR verður því opið gestum og gangandi kl. 12:00 – 15:00 á laugardaginn og verður boðið upp á kaffi, aðra drykki og eitthvað gott með því. Þá gefst fólki færi á að skoða húsnæði og búnað sveitarinnar og spjalla við félagsfólk og fræðast í leiðinni um starfið í sveitinni.

Stjórn HSR



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### **Verðskrá:**

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



# Karلاكórinn Hreimur

Heldur vortónleika í fyrsta  
skipti í 3 ár þann

**22. apríl**  
að Ýdölum.

Þú villt ekki missa af því  
Taktu daginn frá.

Nánar auglýst síðar





## Gamli barnaskólinn, Skógum, Fnjóskadal

Höfum til leigu sali og eldhúsaðstöðu fyrir smærri veislur, fundi eða matarstopp.

Nú eða aðstöðu til að skapa og vinna að verkefnum í ró og næði. Langtímaleiga kemur til greina.

Upplýsingar í síma 8498902



## Vantar þig verkefni ,vinnu

Veitingarrekstur og vinnuaðstaða

*Gamla barnaskólans, Skógum, Fnjóskadal*

er til leigu næsta sumar. Um er að ræða tvo sali er henta fyrir kaffihúsarekstur, listsýningar, handverkssölu o.fl.

Þá er hægt að samnýta rýmið sem vinnuaðstöðu og matsölu. Staðsetningin er frábær, við munna Vaðlaheiðargangna.

Nánari upplýsingar  
í síma 8498902.





Í tilefni Vetrarhátíðar við Mývatn stendur Mývatnsstofa fyrir ókeypis skíðagöngunámskeiðum fyrir heimamenn.



TVÖ ÖR-NÁMSKEIÐ ERU Í BOÐI:

- ÞRIÐJUD. 7. MARS FRÁ 16:30-18:00. MÆTING VIÐ SUNDLAUGINA Á LAUGUM.
- FIMMTUD. 9. MARS FRÁ 16:30-18:00. MÆTING VIÐ SEL-HÓTEL.

LEIÐBEINANDI ER ÞÓRODDUR FRÁ GRÆNAVATNI.  
SKRÁNINGAR SENDAST Á  
HULDAMARIA94@GMAIL.COM.  
Í SKRÁNINGU ÞÁRF AD KOMA FRAM HVORT  
NÁMSKEIÐANNA ER VERIÐ AD SKRÁ SIG Á, NAFN  
OG SÍMANÚMÉR.



ATHUGIÐ!  
TAKMARKAÐUR FJÖLDI Á HVERT  
NÁMSKEIÐ, FYRSTUR SKRÁIR  
SIG, FYRSTUR FÆR!



WWW.VETRARRHATID.COM



## Reykjahlíðarkirkja

Guðsþjónusta verður í Reykjahlíðarkirkju  
næstkomandi sunnudag 12. febrúar  
klukkan 11:00 árdegis.

Eigum notarlega stund saman.  
Verið velkomin!

sr. Örnólfur